

eða lóðarafnot, er að gefi. Var því eigi heimilt að jafna umræddu aukaútsvari á gjörðarpóla sbr. l. nr. 29, 1922, 1. gr. 2. og 4. mgr.

Föstudaginn 21. nóv. 1924.

Nr. 15/1924.

Hans R. Þórðarson

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Jóhannesi Kr. Jóhannessyni

(Pjetur Magnússon).

Spurning um rjett áfrýjanda til að rifta verksamningi.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 8. mars 1924:
Stefndur, Hans Þórðarson, greiði stefnandanum, Jóhannesi Kr. Jóhannessyni, kr. 1005,43 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1923 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem lauk í hjeradi á þá leið, að kröfur stefnda um umsamið verkkaup, borgun fyrir aukavinnu og framlagt efni voru teknar til greina, að sleptri lítilfjörlegri lækkun á síðasta liðnum, hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar og krafist algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, en stefndi, sem fengið hefir gjafvörn og sjer skipaðan málfutningsmann, krefst staðfestingar á hjeradsdóminum og málskostnaðar hjer í rjetti.

Aðilja greinir aðallega á um það, hvort áfrýjandi hafi visað stefnda frá fyrirfram umsömdu verki án lögmætra ástæðna. Heldur áfrýjandi því fram, að verk stefnda hafi yfirleitt verið svo illa af hendi leyst og sjerstaklega einn liður þess, strigalagningin,

að sjer hafi verið heimilt að vísa stefnda burtu, og ber fyrir sig í því efni aðallega mat dómkvaddra manna á verkinu. Kannast áfrýjandi þó ekki við að hafa meinað stefnda annað verk en að leggja veggfóður ofan á striga, sem hafi verið svo illa lagður að dómi matsmanna, að ekki hafi verið tiltök að una því.

Það er in confesso með aðiljum, að áfrýjandi hafi tekið límpott og veggfóður frá stefnda um það leyti, sem líma skyldi veggfóður á strigann. Og verður að fallast á, að sú athöfn áfrýjanda jafngildi frávisun með berum orðum, enda var enginn skiladagur fyrir verkinu ákveðinn í samningi aðilja. En til þess að vísa stefnda frá verki, verður áfrýjandi ekki talinn að hafa haft næga heimild, þar sem strigalagningin, sem matsmenn virtu að meðtaldri veggfóðrun 150 kr., ekki getur talist, þótt »mjög ábótavant« væri, svo sem stefndi hefir kannast við, svo mikils virði miðað við heildarverkið, að áfrýjandi mætti fyrir þá sök eina vísa stefnda frá verki, enda hafði stefndi hvorki verið aðvaraður um útnefningu matsmannanna nje heldur gefinn kostur á að gæta rjettar sins við matið.

Auk nýnefndra sýknuástæðna, hefir áfrýjandi mótmælt flestum liðum í reikningum stefnda, en eftir flutningi málsins þykir ekki ástæða til að fella niður aðra liði, umfram þann lið, er hjeradsdómarinn hafði lækkað, en þá er hjer verða greindir, og hefir stefndi sumpart viðurkennt þær niðurfellingar og sumpart ekki mótmælt nægilega þar að lútandi aðfinningum áfrýjanda:

1. »Járn á 8 hurðum, 4/ pr. stk. . . . kr. 32.00«
2. »Ísetning á 66 rúðum 0/50 pr. stk. . — 33.00«
3. »Hækkun á forstofutröppumótum . — 8.00«
- 4 »Strigalagning á húsið uppi — 100.00«

Samtals kr. 175.00

En við þessa upphæð bætist vegna leiðrjettingar á 2 reikningsvillum í hjeraðsdóminum (568 kr. stefnda í hag í stað 562 kr. og 1 kr. stefnda í óhag: 1005 kr. 43 aur. í stað 1006 kr. 43 aur.) 6 kr. ÷ 1 kr., eða 5 kr.

Ber eftir þessu að færa dómsupphæðina niður í 827 kr. 43 aura, en að öðru leyti má samþykkja dóminn, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað.

Eftir málavöxtum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, er ákveðst 100 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað, þó þannig að dómsupphæðin færist niður í 827 kr. 43 aura.

Áfrýjandi, Hans R. Þórðarson, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar 100 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarjettinum með stefnu útgefni 6. nóvember s. l. Jóhannes Kr. Jóhannesson, trjesmiður hjer í bæ gegn Hans R. Þórðarsyni, verslunarmanni, Vonarstræti 12.

Hefir stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 1234,24 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1923 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer upphæð þá, sem óvilhallir menn meti að hann eigi hjá stefndum.

Stefndur hefir krafist sýkunar í málinu og að sjer verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að 21. júlí 1923 undirrituðu málspartarnir samning þess efnis, að stefnandi tók að sjer að leggja til alla vinnu við trjesmíði á húsi sem stefndur ætlaði þá að láta byggja á Meistaravöllum hjer í bæ samkvæmt nánar tilgreindum uppdrætti og fyrir 1500 krónur. Skyldi andvirði vinnunnar greiddast á þann hátt, að 600 krónur yrðu greiddar er húsið væri fokhelt, kr. 500,00 er húsið væri búið undir málaingu og afgangurinn kr. 400,00 er stefnandi skilaði verkinu af hendi.

Stefnandi kláraði þó eigi verkið vegna þess, að því er hann heldur fram, að stefndur meinaði honum að halda áfram, eftir að það var að mestu búið.

Eftir að hinn upprunalegi samningur var gjörður var húsinu breytt nokkuð af stefndum, og kveður stefnandi þá breytingu hafa haft í för með sjer kr. 562,00 aukakostnað og loks hafi hann látið stefnda fá efni fyrir kr. 138,24.

Eru þessar upphæðir 1500,00 kr. + 562,00 + 138,24, samtals kr. 2200,24, dómkrafa stefnds að frádregnum kr. 966,00, sem stefnandi kveður stefndan hafa greitt sjer og kemur þá heim upphæðin kr. 1234,24.

Stefndur hefir haldið því fram, að stefnandi hafi unnið verk sitt óforsvaranlega illa og það bakað honum aukakostnað. Hann játar að hafa látið taka af stefnanda limpott og efni til veggfóðrunar vegna þess að hann hafi ekki kunnað að framkvæma það verk, en neitar að hafa aftrað honum frá verkinu að öðru leyti.

Hefir stefnandi látið fara fram skoðunar- og matsgjörð um það, hvað eftir hafi verið óunnið af verki því, er stefnandi átti af hendi að leysa og komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að það næmi kr. 855,00. Matsgjörð þessari hefir stefnandi mót-mælt vegna þess að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur við matið og enda er hún ekki staðfest og verður hún því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Hefir stefndur neitað því, að stefnanda beri aukagreiðsla fyrir breytingar á húsinu frá upprunalegu teikningunni og leggur fram kvittanir fyrir því að hann hafi greitt stefnanda eða öðrum eftir ávísun hans kr. 1165,25.

Loks hefir stefndur haldið því fram að hann hafi ekki fengið efni hjá stefnanda fyrir meira en kr. 103,68 (576 ferfet af kassafjöllum á kr. 0/18 ferfetið), en upp í þetta kveðst hann hafa greitt stefnanda kr. 80,00, svo eftir standi aðeins kr. 23,68.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar að stefnanda beri aukabókun fyrir það starf, sem hann vinnur umfram það, sem hin upprunalega teikning ber með sjer, en það nemur samkvæmt framlögðum sundurliðuðum reikningi kr. 568,00 og hefir ekki verið hreyft mótmælum gegn einstökum liðum hans, að fráskildum kr. 75, fyrir teikningu hússins, en fyrir hana virðist stefnandi ekki hafa krafist of hárrar borgunar.

Þá þykir stefnandi hafa nægilega sýnt fram á það, að stefndur hafi meinað honum að fullgera verkið, án þess að stefndur hafi sannað að verkinu hafi verið svo ábótavant, að hann hefði rjett til að láta stefnanda hætta því og þykir stefnandi því eiga kröfu til fullrar upphæðar samkvæmt samningum eða kr. 1500,00.

Hinsvegar þykir eftir atvikum nægilega upplýst, að stefnandi hafi lofað stefndum kassafjöllum þeim, sem hann keypti af honum fyrir 18 aura ferfetið, og verður stefndur því aðeins dæmdur til að greiða honum kr. 103,68 upp í þann lið.

Þær kröfur stefnanda, sem til greina verða teknar eru því kr. 568,00 + kr. 1500 + kr. 103,68 = 2171,68.

Upp í það hefir stefndur greitt honum svo sannað sje kr. 1165,25, svo hann verður í máli þessu dæmdur til að greiða stefnanda mismuninn kr. 1005,43 með vöxtum eins og krafist er, úr því að vaxtahæðinni er ekki sjerstaklega mótmælt.

Mál þetta hefir orðið erfitt viðfangs vegna þess, að það hefir verið illa flutt af báðum aðiljum og þykir því rjett að málskostnaður falli niður.